

b. (29. gr.)

Framkvæmd innheimtu.

Fyrirkomulag og framkvæmd innheimtu er á ábyrgð viðkomandi lífeyrissjóðs. Honum ber að hefja innheimtu án ástæðulausrar tafar og beita þeim úrræðum sem tæk eru að lögum með hliðsjón af þeim hagsmunum sem í húfi eru og halda innheimtuaðgerðum áfram með eðlilegum hraða til þess að tryggja örugga innheimtu vangoldinna iðgjalda.

Ef almennar innheimtuaðgerðir duga ekki skal lífeyrissjóður leitast við að afla trygginga með fjárnámi hjá greiðsluskyldum aðila eða með öðrum hætti sem tryggir hagsmuni rétthafa. Í þeim tilvikum sem vænta má að trygging standi undir greiðslu vangoldins iðgjalds að hluta eða öllu leyti, skal ganga að tryggingunni ef aðrar leiðir til innheimtu skila ekki árangri. Í þeim tilvikum þegar skuldari vangoldinna iðgjalda er annar en rétthafi skal fara fram á gjaldþrotaskipti skuldara ef ástæða er til að ætla að það muni tryggja hagsmuni rétthafa.

c. (30. gr.)

Ríkisskattstjóri skal kalla eftir upplýsingum frá lífeyrissjóðum um framkvæmd innheimtu þeirra iðgjalda sem þeim ber að annast á grundvelli þeirra skráa sem ríkisskattstjóri sendir lífeyrissjóðunum samkvæmt 27. gr. Ríkisskattstjóri getur sett nánari reglur um með hvaða hætti og á hvaða formi upplýsingunum skal skilað. Lífeyrissjóður skal senda ríkisskattstjóra upplýsingarnar innan 10 virkra daga frá því að um þær er beðið.

Ríkisskattstjóri skal senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um innheimtu lífeyrissjóðanna á vangoldnum iðgjöldum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. mgr. 6. gr. og 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 15. mars 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Tómas N. Möller.

Nr. 225

11. mars 2001

SAMÞYKKT**um notkun og hreinsun rotþróa í Borgarfjarðarsveit.**

1. gr.

Skolp frá húsum í Borgarfjarðarsveit skal leiða gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á 3 ára fresti.

3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Borgarfjarðarsveitar eða eigenda húsnaðis og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Allri seyru skal farga á viðurkenndan hátt.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró sem sveitarfélagið annast, skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

5. gr.

Rotþróargjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Borgarfjarðarsveitar. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærri en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

6. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Borgarfjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. mars 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.